



**Stefán E. Matthíasson dr. med.**  
Greining og meðferð skurð- og æðasjúkdóma  
Lágmúla 5, 108-Reykjavík, ☎ 590 9200  
[www.laekning.is](http://www.laekning.is)

**SKURÐ**  
S T O F A N E H F  
1. hæð til vinstri, ☎ 553 2040

## *Sprautumeðferð við æðahnútum/æðasliti*

(e. sclerotherapy)

[Æðahnútar og æðasliti - Fræðslufni](#)

[Teygjusokkar - Fræðslufni](#)

### **Hvað er sprautumeðferð**

Þegar um minniháttar æðahnúta eða æðasliti er að ræða, án þess að um megin bláæðastofna sé að ræða, má meðhöndla þá með því að sprauta efni inn í æðarnar sem lokar þeim. Þetta er iðulega gert eitt og sér eða í kjölfara aðgerða með laser eða hefðbundinnar æðahnútaskurðaðgerðar. Vanalega þá >4-8 vikum frá aðgerðinni.

### **Undirbúningur fyrir meðferð:**

- *Ekki þarf að fasta*
- *Sturta að morgni meðferðardags. Þvottur með venjulegri sápu.*
- *Engin krem* eða mýkjandi efni á húð á meðferðarstað á aðgerðardaginn.
- Ef þú hefur þekkt ofnæmi fyrir lyfjum er nauðsynlegt að það komi fram fyrir meðferðina.
- Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taka þátt í kostnaði við meðferðina fyrir þá sem sjúkratryggðir eru á Íslandi í tvö skipti eftir skurðaðgerð/laser-aðgerð vegna æðahnúta. Sjá nánar á [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is). Aðrir greiða gjald án þátttöku SÍ skv. verðskrá.

**Meðferðin:** Fer fram á Skurðstofunni ehf. Notað er lyfið polidocanol. Mismunandi styrkleikar eru notaðir háð grófleika þeirra æða sem loka skal ( 0,5%, 1,0% eða 3,0%). Lyfið lokar æðunum sem mynda æðahnúta eða æðasliti sem breytast í örvef. Meðferðin tekur allt 15- 30 mín í hvert skipti. Ekki er deytt. Notuð er hárfín nál sem stungið er í húðina og lyfinu sprautað beint í fæðandi æðar að æðasliti/æðahnútum með aðstoð útfjólublás ljóss. Viss óþægindi geta verið þessu samfara og þá helst sviði sem er skammvinnur.

**Það magn sem hægt er að sprauta í einni meðferð er takmarkað í hvert sinn. Iðulega þarf því að endurtaka meðferðina í nokkur skipti á >2 vikna fresti þar til fullnægjandi árangri er náð.**

**Umbúðir:** Settir eru umbúðapúðar yfir stungustaðina og í lokin er fóturinn færður í teygjusokk/hólk sem ráðlegt er að halda óhreyfðum í 24 klst. Þá má fjarlægja sokkinn og púðana. Þrýstingurinn minnkar blóðflæðið um meðferðarsvæðið, bætir árangur meðferðar og minnkar líkur á fylgikvillum s.s. mari og litabreytingum í húð.

**Hreyfing:** Þú getur farið allra þinna ferða en forðast ber þó mikið álag fyrstu 2 dagana á eftir s.s. líkamsrækt.

**Árangur:** Langtímaárangur þessarar meðferðar er einstaklingsbundin en aldrei alger og iðulega þarf að endurtaka sprautumeðferðina. Það er þá gert á minnst 2 vikna fresti eins og fyrr er getið. Sjúklingar verða að hafa hæfilegar og raunhæfar væntingar um útlitslegan árangur háð þeim takmörkunum sem meðferðin býður upp á og einnig umfangi sjúkdómsins hjá hverjum og einum.

**Fylgikvillar:** Eðlilegt er að húðin verði marin fyrst á eftir þar sem stungið var. Aukaverkanir af sprautumeðferðinni eru sjaldgæfar og eru helstar; hitatilfinning í húð, roði og kláði. Alvarlegum aukaverkunum svo sem ofnæmi fyrir lyfinu, æðabólgu, viðvarandi litabreytingum, sýkingum eða drepi í húð hefur verið lýst í undantekningartilfellum eftir meðferð.

**Vinna:** Ekki þarf að taka sér leyfi frá vinnu eftir meðferðina.

**Forföll:** Vinsamlegast tilkynnið forföll í síma 553-2040 hið fyrsta.

***Frávik geta komið upp varðandi tímasetningu fyrirhugaðar meðferðar.  
Til að forðast óþarfa bið/tafir verður haft samband við þig símleidis frá Skurðstofunni  
ehf sama dag og meðferðin er fyrirhuguð um nánari tímasetningu úr s. 553-2040***

**Meðferðardagur:** ..... daginn ...../.....201.....